

## Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 6. nóvember 2024 í máli nr. 66/2024

Kærunefndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

### I

#### Aðild og kröfugerð

Þann 18. júní 2024 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings við fyrirtækið Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi krafist of hárrar greiðslu fyrir þjónustu og krefst lækkunar á greiðslukröfu varnaraðila. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

### II

#### Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfi þann 19. júní 2024 óskaði kærunefndin eftir því að sóknaraðili myndi leggja fram frekari gögn til stuðnings kvörtun sinni. Sóknaraðili lagði fram umbeðin gögn þann 12. ágúst 2024. Sama dag var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar innan tveggja vikna í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar 14. ágúst 2024. Athugasemdir sóknaraðila við andsvörum varnaraðila bárust nefndinni þann sama dag og athugasemdir varnaraðila degi síðar.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda beggja aðila, reikningur varnaraðila, dags. 9. apríl 2024, staðfesting á greiðslu, dags. 12. apríl 2024, ljósmyndir teknar af tækinu, vottorð, dags. 4. mars 2024, leiðbeiningar Matvælastofnunar um innflutning notaðra landbúnaðarvéla og tölvupóstur starfsmanns Matvælastofnunar til varnaraðila vegna úttektar, dags. 27. mars 2024

Með bréfi, dags. 5. nóvember 2024 var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

### III

#### Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Nefndin tekur ekki til meðferðar ágreining sem heyrir ekki undir valdsvið hennar samkvæmt framangreindum lögum.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála er markmið þeirra að tryggja neytendum aðgang að skilvirkri og faglegri málsmeðferð við lausn deilumála utan dómstóla. Lögin taka til ágreinings um samninga sem neytendur gera við seljendur um kaup á vöru eða þjónustu, sbr. 3. gr. þeirra. Með neytanda er átt við einstakling sem kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi, enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni, sbr. 1. tl. 1. mgr. 4. gr. laganna. Í 1. mgr. 16. gr. laganna segir að neytendur geti óskað eftir úrskurði kærunefndar vöru- og þjónustukaupa vegna ágreinings sem rís af sölu- eða þjónustusamningi.

Ágreiningur málsins varðar kröfufjárhæð varnaraðila vegna þjónustu hans við þrif og sótthreinsun á notuðu landbúnaðartæki sem sóknaraðili flutti til landsins í mars 2024. Samkvæmt gögnum málsins var reikningur gefinn út á sóknaraðila. Samkvæmt upplýsingum úr fyrirtækjaskrá er sóknaraðili skráður sem einstaklingur í atvinnurekstri. Má því ætla að hið innflutta landbúnaðartæki sé notað í atvinnurekstri sóknaraðila við ræktun hesta og sauðfjár að [...]. Kaupandi hinnar umþrættu þjónustu er því einstaklingur í atvinnurekstri en ekki neytandi samkvæmt skilgreiningu laga nr. 81/2019. Heyrir málið því ekki undir valdsvið kæruneftdarinnar. Kvörtun sóknaraðila er því vísað frá kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa, sbr. e. lið 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019.

#### **IV Úrskurðarorð**

Kröfu sóknaraðila, X, er vísað frá kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila, sbr. a. liður 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.

---

Hildur Ýr Viðarsdóttir  
formaður

---

Hildur Leifsdóttir

---

Jón Rúnar Pálsson